

236. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 19. júní 2008 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 438, dags. 12.06.2008.

Liður 5 fundargerð hafnarstjórnar, dags. 04.06.2008 (56. fundur).

Fundargerð framlögð, **liður 2** hækkun á gjaldskrá um 12% samþykkt, samþykkt að taka upp skráningargjald í Gaflinn 200 kr. fyrir tonnið, samþykkt að taka upp heimild að leggja tvöfalt bryggjugjald á báta sem ekki skila aflagjaldi til hafnarinnar, **liður 7** samþykkt að fimm bílastæði við Súgandisey verði sérmerkt sem skammtímastæði og fundargerð samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 7 fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 09.06.2008(67. fundur).

Fundargerð framlögð. Bæjarráð samþykkir að gerð verði aðgerðaáætlun um Ljósmyndasafn Stykkishólms sem unnin verði út frá punktum í fundargerð. Fundargerð samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Davíð kom til fundar.

Til máls tóku:LÁH,BA og GDP

Liður 8 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.06.2008 (107. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 við Frúarstíg, reitur B á skipulagi miðbæjar. Byggingarleyfisumsókn. Skipavík ehf sækir um að byggja tvö hús B1 og B2 á reit B á gildandi deiliskipulagi miðbæjar samkvæmt teikningum frá Skipavík ehf/ Sigurjóni Jónssyni dags. apríl 2008. Stærðir: hús B1= 167,2 m², nhl., hús B2=167,2 m².

Umsagnir Húsfriðunarnefndar Ríkisins á deiliskipulagi miðbæjar dags. 4.06.02 og 3.12.02 lagðar fram með umsókn.

Samþykkt að grenndarkynna umsókn sem óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir eigendum við Skólastíg nr.1, 4, 5, 6 og 8. Óskað er eftir að fram komi á teikningu útfærsla á stoðvegg milli Skólastígs og Frúarstígs. Nefndin óskar eftir að húsin verði ekki of einsleit.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 2 Garðhús við Garðaflöt nr. 1A.

Páll Þorkelsson sækir um að reisa 6 m² garðhús á baklóð við Garðaflöt sbr. bréf og afstöðumynd móttækin dags. 21.05.08. Skriflegt samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir svo og lóðarhafa Víkurflatar nr. 2 og 4.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Liður 3 Ásklif 20. Sólþallar, skjólgirðingar og heitur pottur.

Sturla Böðvarsson Ásklifi 20 óskar eftir að staðsetja heitan pott og byggja sólþall og skjólgirðingar samkvæmt teikningum frá teiknistofunni Landlínnum dags. 5. og 6. 05.08.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 4 Austurgata 9. Færsla á hurð og glugga.

Gunnar Gunnarsson Austurgötu 9 óskar eftir að færa hurð á vesturgafli yfir á norðurhlíð hússins í stað glugga sem færast yfir á vesturgaflinn.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 5 Reitavegur 6, fyrirspurn. Viðbyggingar við hús og lóðarstækkun.

Fyrirspurn frá Þorbirni Geir Ólafssyni um eftirfarandi breytingar á Reitavegi nr. 6 sbr. bréf dags. 5.06.08. a) Að byggja um 25 m² viðbyggingu við aðalhús. b) Að breyta skúr í aukaíbúð og setja hurð á austurgafli hússins og glugga á vesturgafli. c) Að stækka lóð um 7m í vesturátt fyrir bílastæði. Samanber teikningar dags. 15.05.08.

Tekið er jákvætt í að grenndarkynna stækkun á íbúðarhúsi þegar að byggingarleyfisumsókn berst. Einnig að breyta gluggum og hurð á skúr. Nefndin hafnar að breyta skúr í aukaíbúð og að stækka lóð fyrir bílastæði sbr. fyrri bókun skipulags- og bygginganefndar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: DS og GDP

Liður 6 tjaldstæði, þjónustuhús. Breytingar á teikningum lagðar fram. Ormar Þór Guðmundsson f.h. Stykkishólmsbæjar leggur fram breytingar á teikningum þjónustuhúss á tjaldssvæði sbr. teikningar frá OG Arkitektastofu. dags. 28.05. '08. Stærðir: 58,9 m², 197,0 m³. Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 7 Sæferðir ehf. Umsókn um endurnýjun á skiltum. F.h. Sæferða Pétur Ágústsson sækir um endurnýjun á leyfi fyrir auglýsingaskiltum sem staðsett eru: a) Ofarlega við Aðalgötu og veg að tjaldsvæði. b) Neðst við Aðalgötu hjá Egilshúsi. c) Við Súgandiseyjargötu við höfnina. d) Merkingar á þjónustumiðstöð Sæferða við Smiðjustíg.e) Leiðbeiningaskilti við ferju sem verið er að endurskoða til samræmis við akstursleiðir að ferjunni. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða umsóknir um skilti í samræmi við reglur um staðsetningu og útlit auglýsingaskilta í Stykkishólmsbæ.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 8 Farfuglaheimilið Sjónarhóll ehf. Umsókn um endurnýjun á skiltum. Lára Kristjánsdóttir f.h. Farfuglaheimilisins Sjónarhóls ehf sækir um endurnýjun á leyfi fyrir eftirtöldum auglýsingaskiltum: a) Á lóð Hótel Breiðafjarðar við Aðalgötu 8. b) Málað skilti á húsi farfuglaheimilisins við Höfðagötu 1. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða umsóknir um skilti í samræmi við reglur um staðsetningu og útlit auglýsingaskilta í Stykkishólmsbæ.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 9 leyfi fyrir staðsetningu á Green Globe skilti við höfnina.

Pórunn Sigþórsdóttir sækir um f.h. Framkvæmdaráðs Snæfellsnes að setja niður Green Globe skilti á hafnarsvæði þar sem ferjan Baldur kemur að landi.

Byggingarfulltrúa falið að afgreiða umsóknir um skilti í samræmi við reglur um staðsetningu og útlit auglýsingaskilta í Stykkishólmsbæ.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 12 lögð fram tillaga að lóðarmörkum fyrir Höfðagötu nr. 2 samkvæmt afstöðumynd dags. 23.05.08.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 13 Skólastígur 21a. Bílastæði.

Hjörtur Eiríksson óskar eftir að gera 2 bílastæði inn á lóð við Skólastíg 21a.

Erindi samþykkt með fyrirvara á að ekki verði hróflað við götugreiniskáp rafveitu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 14 Hamraendi 3, mhl. 02 0201, milliloft.

Heimir Kristinsson sækir um f.h. Beiti ehf, kt. 5005050280, að byggja milliloft í rýmibíl mhl. nr. 020201 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK, dags. apríl 2008.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Önnur mál:

“Þorbergur gerir að tillögu sinni að hús byggt á púða, verði ekki gefið út byggingarleyfi nema að því tilskyldu að búið sé að þjöppumæla og að fylling standist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt byggingarreglugerð.”

Svar: Byggingarfulltrúi tekur undir tillögu Þorbergs að krafist verði að burðarþolsprófun á öllum fyllingum undir nýbyggingar sem byggðar verða í

Stykkishólmi.

Nefndin leggur til að við úttekt á undirstöðum nýbygginga sem byggð eru á púða fari fram burðarþolsprófun.

Bæjaráð telur ekki ástæðu til að setja ýtarlegri reglur en eru í byggingareglugerð, samanber gr. 122.-125.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,DS og GDP

Fundargerð samþykkt.

Liður 22 áætlun um framhald hjá stýrihóp um mótun fjölskyldustefnu.

Áætlun samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 23 bréf Gunnlaugs Árnasonar f.h. sóknarnefndar

Stykkishólmskirkju, dags. 09.06.2008 varðandi orgelkaup.

Samþykkt að Stykkishólmsbær sækir um í styrktarsjóð EBÍ til orgelkaupa.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 24 bréf 4. flokks fótboltaliðs Snæfellsness (karla), dags. 03.06.2008 varðandi styrkbeiðni vegna farar á alþjóðlegt knattspyrnumót í Gautaborg 12.-19. júlí nk.

Bæjarstjórn bendir á að styrkir á héraðsvísu er á vegum Héraðsnefndar Snæfellinga. Berglind sat hjá vegna tengsla.

Allir tóku til máls.

Liður 25 styrktarbeiðni k.k.d. Snæfells vegna keppnistímabilsins 2007-2008.

Bæjaráð óskar meistaraflokkum karla og kvenna Snæfells í körfubolta til hamingju með frábæran árangur í vetur, en bæjaráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Bæjarstjórn leggur fram eftirfarandi bókun:

Með bréfi þann 12.04.2007 sótti Daði H Sigurþórsson f.h. Meistaraflokks karla í körfuknattleiksdeild Snæfells um styrk að upphæð 1.000.000,- króna vegna tímabilsins 2006-2007. Bæjarstjórn samþykkti styrk vegna tímabilsins 2007-2008 til að styrkja bága fjárhagsstöðu meistaraflokks karla í körfu. Þetta var samþykkt þrátt fyrir verulegt árlegt framlag úr bæjarsjóði til Umf. Snæfells í formi beinna greiðslna í peningum og rekstrarframlaga við afnot af íþróttamannvirkjum. Stykkishólmsbær hefur lengi verið fremst meðal sveitarfélaga í styrkjum og framlögum til íþrótt- og æskulýðsmála. Bæjarstjórn telur þeim fjármunum vel varið sem renna til yngri íbúanna til forvarna og uppbyggingar líkamlegu sem andlegu atgervi. Bæjarstjórn mun því áfram leggja

Því lið sem verið hefur.

Afreksfólk í íþróttum, einstaklingar sem hópar, eru öðrum hvatning. Þannig er því ótvírætt varið með meistaraflokk karla í körfuknattleik. Snæfell hefur í langan tíma verið meðal þeirra bestu á Íslandi. Það hefur haft jákvæð áhrif á samfélagið og er aðdáunarvert það starf sem einstakir aðilar hafa lagt af mörkum í sjálfböðavinnu til að hægt sé að halda úti svo sterku liði. Allir gera sér grein fyrir að peningar eru orðnir afl þeirra hluta sem gera skal, ekki síst í meistaraflokkum. Ábyrgðin á fjármálalegum rekstri Umf. Snæfells liggur hjá deildum félagsins og félaginu sjálfu, ekki er hægt að ganga að því vísu að aðrir aðilar s.s. bæjarsjóður hlaupi undir bagga þegar tilkostnaður verður meiri en tekjurnar.

Með bréfi þann 29.05.2008 sótti Daði H Sigurþórsson að nýju f.h.

Meistaraflokks karla í körfuknattleiksdeild Snæfells um styrk að upphæð 1.000.000,- króna vegna tímabilsins 2007-2008. Bæjarráð hafnaði þeirri umsókn á fundi þann 12.júní s.l., ekki síst í ljósi þeirra viðræðna sem fram fóru við körfuknattleiksdeildina á bæjarráðsfundi þann 08.júní 2007, eða fyrir ári síðan. Þar var lögð rík áhersla á það af hálfu bæjarráðs að körfuknattleiksdeildin tæki fjármálin föstum tökum.

Bæjarstjórn er tilbúin til viðræðna við aðalstjórn Umf. Snæfells um breytt fyrirkomulag styrkja til félagsins.

Bókun samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,DS,GDP og ÓG

Liður 26 bréf Atlantsolíu ehf., dags. 19.05.2008 varðandi framlengingu á fresti til að hefja framkvæmdir að sjálfsafgreiðslubensínstöð.

Frest til að hefja framkvæmdir er hafnað og lóðin er innkölluð.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 27 tölvupóstur Símonar Sturlusonar, dags. 04.06.08 varðandi umsókn um frest til að hefja framkvæmdir á Laufásvegi 17.

Samþykkt að veita Símoni Sturlusyni 6 mánaða frest til að hefja framkvæmdir á Laufásvegi 17.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 28 bréf Guðmundar Inga Gunnlaugssonar, bæjarstjóra í Grundarfirði, dags. 15.05.2008 varðandi almenningssamgöngur á Snæfellsnesi.

Bæjarstjóra falið að hafa samráð við aðra bæjarstjóra á Snæfellsnesi í málinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH, EF og GDP

Liður 29 umsókn dags. 10.06.08 frá Auði Rafnsdóttur vegna umsóknar um námsleyfi.

Samþykkt að veita Auði Rafnsdóttur eins árs launalaust leyfi. Ólafur sat hjá.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Ólafur sat hjá.

Liður 30 samningur um rekstur tjaldsvæðisins í Stykkishólmi.

Samningur framlagður og samþykktur.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tók: EF

Liður 31 bæjarstjóri leggur til að máltíðir við Grunnskólann í Stykkishólmi verði boðnar út til tveggja ára í lokuðu útboði. Öllum veitingastöðum í Stykkishólmi verður gefinn kostur á að bjóða í máltíðirnar.

Tillaga bæjarstjóra samþykkt.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: DS, EF og GDP

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð framkvæmdanefndar Ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar, dags. 13.05.2008.

Fundargerð framlögð,
Bókun:

Markmið meirihluta bæjarstjórnar Stykkishólms hefur verið að hleypa styrkari stoðum en verið hefur undir Ljósmyndasafn Stykkishólms þ.m.t. Ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar.

Núverandi bæjarstjórn skipaði bæjarstjóra í framkvæmdanefnd ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar, m.a. til að tryggja beina tengingu nefndarinnar við bæjarstjórn a.m.k. þar til búið væri að koma safninu formlega fyrir innan stjórnarsýslu bæjarins. Gerðar hafa verið samþykktir fyrir safnið sem tryggja tilvist þess innan stjórnarsýslu Stykkishólmsbæjar. Ljósmyndasafnið er hluti af Amtbókasafni Stykkishólms sem sjálfstæð deild og heyrir þar af leiðandi undir Safna- og menningamálanefnd bæjarins. Í samþykktunum kemur fram að ljósmyndasafnið hafi sjálfstæðan fjárhag innan Amtbókasafnsins.

Öll skrif fráfarandi formanns framkvæmdanefndar Ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar um andúð bæjarstjórnar og einstakra fulltrúa hennar á ljósmyndasafninu, fyrr og nú, er upplifun hans sem ekki á við nein rök að styðjast. Á engan hátt getur fráfarandi formaður sýnt fram á að fullyrðingar hans um áhugaleysi og andúð eigi við rök að styðjast.

Hvergi verður þess fundinn staður að bæjarstjórn eða fulltrúar hennar hafi vanþakkað eða kastað rýrð á störf framkvæmdanefndar Ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar.

Þrátt fyrir að einstökum fulltrúum í bæjarstjórn hafi verið gerðar upp vondar hvatir gagnvart ljósmyndasafni og framkvæmdanefnd ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar, hafa bæjarstjórnarmenn leitt það hjá sér og einblínt á það að koma verkefninu á þann rekspöl sem sómi er að.

Afhendingarbréf Jóhanns Rafnssonar með þeim skilmálum sem því fylgja á eingöngu við þær myndir sem bréfinu fylgdu. Um þær gilda skilmálar bréfsins og

Þess sérstaklega getið í samþykktum fyrir Ljósmyndasafn Stykkishólms. Áfram verður unnið að því safni í samvinnu við afkomendur Jóhanns heitins Rafnssonar. Aðrar myndir Ljósmyndasafns Stykkishólms eru utan skilmála afhendingabréfsins.

Það er von og trú meirihluta bæjarstjórnar að með þeim aðgerðum sem farið hefur verið í annars vegar og stefnt er að hins vegar eigi Ljósmyndasafn Stykkishólms alla möguleika til að vaxa og dafna, þ.m.t. ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar.

Stykkishólmi 12. júní 2008

Gretar D. Pálsson
Ólafur Guðmundsson
Erla Friðriksdóttir

Bókun vegna fundargerðar framkvæmdanefndar Ljósmyndasafns Jóhanns Rafnssonar frá 13.05.2008

Undirrituð leggja á það áherslu að ljósmyndasafninu verði af metnaði tryggður sá starfsgrundvöllur sem því ber og safnið verði stolt bæjarbúa í nútíð og framtíð.

Stykkishólmi 19. júní 2008

Lárus Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GDP

- 2.2. Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 21.05.2008.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.3. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 27.05.2008.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 02.06.2008.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.5. Fundargerð hafnarstjórnar, dags. 04.06.2008.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.6. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 09.06.2008.**
Fundargerð framlögð og samþykkt. Bæjarstjórn lýsir yfir ánægju með vinnu nefndarinnar að fara yfir fyrri samþykktir funda.
- 2.7. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 09.06.2008.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.8. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.06.2008.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.9. Fjórar fundargerðir stýrihóps um mótun fjölskyldustefnu (8.-11. fundur).

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

3. Kosningar skv. 15. og 16. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.

Til eins árs:

a) Forseti bæjarstjórnar
Gretar D. Pálsson var kosinn samhljóða.

b) Fyrsti varaforseti
Elísabet L. Björgvinsdóttir var kosin samhljóða

c) Annar varaforseti
Davíð Sveinsson var kosinn samhljóða

d) Tveir skrifarar og tveir skrifarar til vara
Aðalfulltrúar:
Ólafur Guðmundsson
Lárus Á. Hannesson

Varafulltrúar:
Erla Friðriksdóttir
Berglind Axelsdóttir

Samþykkt samhljóða

4. Kosningar skv. 57. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.

Bæjarráð:

Aðalfulltrúar:
Elísabet L. Björgvinsdóttir
Ólafur Guðmundsson
Davíð Sveinsson

Samþykkt samhljóða

Varafulltrúar:
Gretar D. Pálsson
Erla Friðriksdóttir
Lárus Á. Hannesson

Samþykkt samhljóða

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Aðalfulltrúar:

Elísabet L. Björgvinsdóttir

Ólafur Guðmundsson

Davíð Sveinsson

Samþykkt samhljóða

Varafulltrúar:

Gretar D. Pálsson

Erla Friðriksdóttir

Lárus Á. Hannesson

Samþykkt samhljóða

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:38

Þór Örn Jónsson